

Umhverfis- og skipulagssvið  
Reykjavíkurborg  
Borgatúni 12-14  
105 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 22. febrúar 2017  
UST201701-155/K.S.J.  
10.04.03

### Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi smábýla á jörðinni Vellir á Kjalarnes

Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar er barst 9. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi smábýla/tómstundarbýla á jörðinni Vellir á Kjalarnesi.

#### Skipulagssvæðið

Í lýsingu kemur fram að jörðin Vellir er á Kjalarnesi, nánar tiltekið fyrir austan Kollafjarðará og nær að landi Norðurgrafar. Einnig kemur fram að láglendi Valla er um 167 ha. og að aðkoma er um Vesturlandsveg og Norðurgrafarveg.

#### Framkvæmdir

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að við allar framkvæmdir verði tekið tillit til svæðisins og framkvæmdir felldar vel að landi.


#### Votlendi


Umhverfisstofnun tekur undir það að skilið hefur verið eftir votlendi sem ætlað er til að auðga fuglalíf. Umhverfisstofnun bendir þó á að í 61. gr. laga nr. 60/2013 kemur fram að eftirtalin vistkerfi njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 2. gr., sbr. og c-lið 3. gr.: a. votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 20.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur.

Það er að mati Umhverfisstofnunar mikilvægt að votlendi verði ekki raskað frekar.

Að öðru leyti gerir stofnunin ekki frekari arhugasemdir við ofangreinda lýsingu.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Teymisstjóri